

Málþing um Hekluskóga

16. apríl 2015 í Frægarði í Gunnarsholti



Dagskrá

- 11:00 Gestir boðnir velkomnir í Gunnarsholt. Sveinn Runólfsson.
- 11:10 Endurheimt vistkerfa - hvers vegna, hver og hvernig? Björn H. Barkarson.
- 11:25 Hvað hefur gerst og við hverju má búast eftir gjóskugos? Friðþór S. Sigurmundsson.
- 11:45 Uppgræðsla Landgræðslunnar á Hekluskógasvæðinu. Sveinn Runólfsson.
- 12:00 Súpa og brauð.
- 12:45 Útbreiðsla og eyðing birkiskóga í Þjórsárdal. Friðþór Sófus Sigurmundsson.
- 13:05 Hekluskógaverkefnið – aðferðir, framkvæmd, árangur og framtíð. Hreinn Óskarsson.
- 13:35 Kortlagning framkvæmda. Ívar Örn Þrastarson.
- 13:50 Reynslusaga landeiganda. Sveinn Sigurjónsson.
- Rannsóknir á Hekluskógasvæðinu**
- 14:05 Yfirlit yfir rannsóknir fyrir Hekluskóga. Ása L. Aradóttir og Guðmundur Halldórsson.
- 14:25 Birkiskógarnir breiðast út að nýju! Björn Traustason.
- 14:40 Kaffi
- 14:55 Líffræðilegur fjölbreytileiki í Hekluskógum: Hlutverk jarðvegseyðingar og framvindu. Heiða Gehringer.
- 15:10 Sandburður á Hekluskógasvæðinu. Elín Fjóra Þórarinsdóttir.
- 15:25 Lífrænn áburður og belgjurtir. Magnús H. Jóhannsson.
- 15:40 Umræður.
- 16:00 Ráðstefnulok.

Málþingsstjóri verður Björn B. Jónsson

Ráðstefnan er öllum opin meðan húsrúm leyfir og fer skráning fram í tölvupósti til Eddu Linn Rise á netfangið eddalinn@land.is fyrir 15.apríl.

Skógur er það gróðursamfélag sem þolir hvað best öskufall. Hugmyndin um Hekluskóga er að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu sem minnka myndu vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu. Verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu. Mögulegur ávinningur af Hekluskógum er margvíslegur. Gróðurfar og dýralíf eykst og verður fjölbreyttara, vatnsheldni jarðvegs verður meiri, lækir myndast og kolefnisbinding verður í gróðri. Með skóginum aukast einnig landnýtingar möguleikar á svæðinu, svo sem frístundabyggð og útivist auk þess að beitarþol eykst.

Hekluskógar hafa starfað formlega frá maí 2007, en undirbúningsvinna hófst af krafti fyrir rúmum 10 árum síðan þegar samráðsnefnd um Hekluskóga hóf störf. Mikið starf hefur verið unnið á starfstíma Hekluskóga bæði hvað varðar gróðursetningu, uppgræðslu og sáningu, en einnig hafa ýmis rannsóknaverkefni verið unnin á svæðinu síðustu ár. Á málþinginu verður gerð grein fyrir því starfi sem unnið hefur verið.

